

---

---

# FRÉTTIR ÚR HVOLSSKÓLA

I. tölublað. XII. árgangur

29. september 2005

Ábyrgðarmaður: Unnar Þór Böövarsson

---

---

## Kynningarfundir með foreldrum

Kynningarfundir fyrir foreldra verða haldnir fyrstu vikuna í október. Fyrirkomulag kynninganna verður með nokkuð breyttu sniði að þessu sinni. Í stað þess að umsjónarkennarar hvers bekkjar boði foreldra á sinn fund munu skólastjórnendur boða foreldra á hverju aldurstigi í morgunkaffi eða síðdegiskaffi, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum.

Á fundunum munu skólastjórnendur, auk þess að bjóða upp á rjúkandi kaffi, fara yfir breytt námsfyrirkomulag í skólanum, kynna nýtt og glæsilegt húsnæði og svara spurningum sem brenna á foreldrum. Með því að hafa kynningarfundina á skólatíma gefst foreldrum kostur á að fylgjast með nemendum við vinnu sína og sjá af eigin raun þá vinnu og aðstöðu sem skólinn státar af.

Fundirnir verða á eftirfarandi tímum:

Mánudagur 3. október, 9. – 10. bekkur. Klukkan 8:30 og 16:00.

Þriðjudagur 4. október, 4. – 6. bekkur. Klukkan 8:30 og 16:00.

Miðvikudagur 5. október, 1. – 3. bekkur. Klukkan 8:30 og 16:00.

Fimmtudagur 6. október, 7. – 8. bekkur. Klukkan 8:30 og 16:00.

Við hlökkum til að sjá ykkur öll og að venju hvetjum við bæði pabba og mömmur til að mæta.

## Reykjaferð 7. bekkjar

Vikuna 10. – 14. október fer 7. bekkur í hina árlegu Reykjaferð þar sem nemendur munu dvelja við leik og störf í glæsilegu umhverfi í Hrutafirði.

Í skólabúðunum fá nemendur m.a. að kynnst sögu, fjörunni, landbúnaði, náttúrunni auk nemenda frá öðrum skólum. Þá er einnig lögð sérstök áhersla á að skapa samtöðu og efla samvinnu nemenda og kennara sem og að auka félagslega færni, þroska sjálfstæði og auka athyglisgáfu nemenda.

**MUNUM EFTIR AÐ MERKJA ALLAN FATNAÐ OG TÖSKUR  
SEM NEMENDUR NOTA Í SKÓLANUM.  
FÖTIN ERU DÝR EN EKKI MERKIPENNAR. ☺**

## Nýtt mötuneyti tekið í notkun

Miðvikudaginn 5. september var nýtt mötuneyti Hvolsskóla tekið í notkun. Eftir smávægilega örðugleika fyrstu viku skólaársins var loks hægt að gefa á garðann og ekki annað að sjá en nemendur væru himinlifandi með þann dýrindis mat sem þær stöllum Jóna og Helga töfra fram úr eldhúsinu. Helsta breytingin í eldhúsinu er að pottar sjást varla í nýja mötuneytinu heldur hefur stærðar gufuofn tekið við að sjóða, steikja, hita, baka og nánast gera allt annað en að skera matinn ofan í nemendur, kennara og annað starfsfólk skólans. Allt undir góðri stjórn Jónu og Helgu.

Með stórbættri aðstöðu geta nemendur nú sjálfir séð um að skammta sér á diska og gengur afgreiðsla mun fljótar fyrir sig en áður. Vel gekk að kenna nemendum og starfsfólki nýjar umferðareglur í matsalnum og ljóst að nemendur í Rangárþingi eystra búa við gott uppeldi í borðsiðum.

## Útivistartími barna og unglunga

Samkvæmt venju gefur Rangárþing eystra nemendum í 2. og 6. bekk sérstakan segul sem á eru prentaðar útivistarreglur barna og unglunga. Segullinn þykir fara sérstaklega vel á ísskápum og öðrum áberandi stöðum til áminningar fyrir börn sem og foreldra. Auk þess hefur veggspjald með útivistarreglunum verið hengt upp víðsvegar um skólann sem og í félagsmiðstöð og verslun 11-11 á Hvolsvelli.

Rétt er að benda á að frá 1. september til 1. maí er útivistartími sem hér segir:

- 12 ára börn og yngri mega vera úti – til klukkan 20
- 13 – 16 ára börn mega vera úti – til klukkan 22

Útivistarreglur eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13 – 16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.

## Samræmdu prófin í 4. og 7. bekk

Samræmdu prófin í 4. og 7. bekk verða þreytt dagana 20. og 21. október næstkomandi. Íslenskan verður á fimmtudeginum og stærðfræðin á föstudeginum. Prófin verða haldin í Hvolsskóla á skólatíma. Fyrirkomulag þeirra verður auglýst nánar í bekkjunum þegar nær dregur.

## Haustball 8. – 10. bekkjar

Sameiginlegt haustball Hvolsskóla, Grunnskólans á Hellu, Laugalandsskóla og Grunnskóla Mýrdalshrepps verður haldið að Heimalandi undir Eyjaföllum miðvikudaginn 5. október næstkomandi. Hljómsveitin *Á móti sól* heldur uppi stanslausu stuði frá klukkan 19:30 – 22:00 auk þess sem nokkrar vel valdar skólahljómsveitir fá að láta ljós sitt skína. Tilvalið tækifæri fyrir upprennandi tónlistarmenn á svæðinu til að verða „eins og hinir“ og stíga sín fyrstu spor í tónleikahaldi.

## Hvolsskóli á veraldarvefnum

Við viljum benda fólki á að heimasíða Hvolsskóla hefur að geyma ýmislegt fróðlegt og skemmtilegt úr starfi skólans á líðandi stundu. Slóðin er <http://hvolsskoli.ismennt.is>

Umsjónarmaður heimasíðunnar er Katrín Møller Eiríksdóttir og á hún heiður skilinn fyrir glæsilega heimasíðu. Reglulega birtast nýjar myndir í myndabankanum en ljósmyndari hennar hátignar er alltaf á ferðinni með myndavélina til að gestir heimasíðunnar fái innsýn í starfsemi nemenda og starfsfólks.

Foreldrar, nemendur og aðrir sem áhuga hafa á að fylgjast með því sem framundan er í Hvolsskóla geta farið inn á [www.mentor.is](http://www.mentor.is) og smellt á *grunnskólar* og valið Hvolsskóla. Þar er hægt að sjá upplýsingar um allt það sem er á döfinni hér í skólanum.

## Frábær árangur í Nýsköpunarkeppninni

Fimm nemendur 8. bekkjar náðu þeim glæsilega árangri að komast í vinnusmiðjur Nýsköpunarkeppni grunnskólanna. Þau Gígja Guðvarðardóttir, Aníta Þorgerður Tryggvadóttir, Stella Rúnarsdóttir, Írena Sif Kjartansdóttir og Hrafn Sigurðsson áttu 3 hugmyndir af þeim 56 sem komust áfram eftir yfirferð matsnefndar. Í vinnusmiðjunum, sem fram fóru í Foldaskóla dagana 10. – 11. september gafst þeim kostur á að vinna áfram með hugmyndir sínar.

Sérstök nefnd fer síðan yfir hugmyndir og velur vinningshugmyndir. Verðlaunaafhending fer svo fram 2. október í Vetrargarði Smáralindar. 12 hugmyndir fá verðlaun og mun forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenda verðlaunin. Eftir verðlaunaafhendinguna verður sýning á verðlaunahugmyndunum opnuð og stendur hún til 14. október.

## Réttarferð 4. – 6. bekkjar

Þann 13. september fóru nemendur 4. – 6. bekkjar í réttarferð í Fljótshlíðarréttir. Veðrið lék við menn og dýr þrátt fyrir smá golu og ljóst að nemendur voru gífurlega spenntir að takast á við öll spræku fjallalömbin. Myndavélin var að sjálfsögðu með í för og eru myndirnar komnar inn á vef skólans.

## Ný símanúmer í Hvolsskóla

Nýtt símkerfi hefur verið sett upp í Hvolsskóla sem auðveldar öll samskipti við starfsfólk sem og samskipti innanhúss. Ekki veitir af þar sem um 150 metrar eru á milli enda í skólanum!

Nýju kerfi fylgja ný símanúmer og eru þau eftirfarandi:

**Aðalnúmer Hvolsskóla** \_\_\_\_\_ **488 – 4240**

Faxnúmer \_\_\_\_\_ 488 – 4259

Aðalnúmer skóla gefur samband við alla starfsmenn skólans svo fremi að þeir séu viðláttnir.

Beinn sími skólastjóra \_\_\_\_\_ 488 – 4241

Beinn sími aðstoðarskólastjóra \_\_\_\_\_ 488 – 4242

Beinn sími deildarstjóra \_\_\_\_\_ 488 – 4243

Beinn sími í Skólaskjól \_\_\_\_\_ 488 – 4250

## Bílastæði við Hvolsskóla

Eins og foreldrar hafa tekið eftir er búið að afmarka sérstakt svæði á bílastæðinu fyrir skólabíla. Þetta var gert sérstaklega með öryggi barna í huga þar sem þau þurfa nú aldrei að hlaupa yfir bílastæðið á leið sinni úr skólabílnum og inn í skólabygginguna. Viljum við hvetja þá sem keyra börn í skólann að hafa öryggi barnanna í huga og nota útskot sem nú er nærra tilbúið við Stóragerði. Þeim foreldrum sem fylgja börnum alla leið inn í skóla er bent á að nota merktu bílastæðin til að leggja bílum sínum.

Hjartans þakkir fyrir að tryggja nemendum Hvolsskóla eins örugga aðkomu að skóla og hægt er.

## Ferðalag 8. bekkjar á Snæfellsnes

Samkvæmt venju fer 8. bekkur í haustferðalag að Snæfellsnesi 19. – 21. október. Nánar verður fjallað um ferðalagið í næsta fréttabréfi.